

Mál nr. 18/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Bifreiðarinnar vegna kaskótryggingar

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út á flugbraut í Vestmannaeyjum þ. 3.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 1.2.2008 ásamt ljósmyndum
2. Bréf V dags. 25.2. ásamt tölvupóstsendingum.

Málsatvik.

A ók um Vestmannaeyjar að nóttu til og segist hafa ekið í gegn um opið hlið og verið kominn út á flugbraut þegar vegurinn endaði og hafi hann ekið út á enda flugbrautarinnar og lent þar í lausamöl og hafi A runnið fram af kantinum og hálfa leið niður brekku og farið eina veltu. Ökumaður A telur sig ekki hafa sýnt af sér gáleysi með akstri sínum, ekki hafi verið von á flugumferð og engin skyldi sem bönnuðu honum akstur á þeirri leið sem M ók. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á ákvæði í grein 8.3 vátryggingaskilmála vegna kaskjótryggingarinnar en þar segir að félagið bæti ekki tjón sem verði á ökutæki þegar því er ekið þar sem akstur er óheimill vegna opinberra fyrirmæla o.s.frv.

Álit.

Ákvæði greinar 8.3. á við varðandi atvik það sem hér ræðir um og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V þar sem M ók í umrætt sinn um svæði sem óheimilt var að aka um og M mátti vera það ljóst þó svo hann hafi ekki tekið eftir bann- og/eða varúðarskiltum sem eru víða við flugvöllinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.